

Nd.

527. Frumvarp til laga

[154. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

- a. Framlög sveitarfélaga, sem nema skulu 300 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. desember undanfarið ár. Fjárhæð þessi er miðuð við framfærsluvísitölu 1. janúar 1980 og skal síðan breytast árlega miðað við framfærsluvísitölu 1. janúar ár hvert.
- b. 0.6% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.
- c. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun í fjárlögum ár hvert.
- d. Vextir af fé sjóðsins.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laga nr. 51/1972 orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins skv. 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingu styrkja og/eða lána, eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Stjórn sjóðsins ákveður kjör á lánnum þ. m. t. lánstíma, vexti og hvort lán skuli bundin verðtryggingu.

3. gr.

1. gr. laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1981, en 2. gr. öðlast þegar gildi.